

Skýrsla laganefndar 2021

Stjórn laganefndar:

Ólafur Haraldsson, formaður
Sigurbjörn Magnússon, meðstjórnandi
Sigurður Guðmundsson, meðstjórnandi

Hér að neðan er að finna skýrslu laganefndar fyrir tímabilið frá 1. janúar 2021 fram að formannafundi LH í nóvember 2021.

Laganefndin hefur á starfstímabilinu verið stjórn sambandsins og keppnisnefnd til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni sem upp hafa komið og aðstoðað stjórnina við gerð samninga o.fl. Þá hefur laganefnd aðstoðað við uppfærslu laga LH til samræmis breytingar á keppnisreglum FEIF.

Laganefnd hefur haldið áfram vinnu sinni við heildarendurskoðun laga LH og samræminu á þeim við nógildandi reglur FEIF. Nú fer senn að sjá fyrir endan á þessari vinnu og er stefnt að því að drög liggi fyrir í síðasta lagi fyrir lok þessa ár.

Eitt formlegt erindi barst laganefnd frá stjórn LH, sem varðaði heimild stjórnar aðildarfélags LH til að vísa manni úr (i) stjórn hestamannafélags eða (ii) úr félaginu hafi hann verið kærður fyrir líkamsmeiðingar, sem varðað geta við XXIII. kafla hegningarlaga nr. 19/1940.

F.h laganefndar
Stjórn